

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1246**2019/EES/15/33****frá 18. september 2018****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu eimis úr viðarediki á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. Með reglugerð (ESB) nr. 872/2012 voru einnig innleiddir B-hluti („bragðefnablöndur“), C-hluti („bragðefni fengin með hitablöndun“), D-hluti („forefni bragðefna“), E-hluti („önnur bragðefni“) og F-hluti („grunnefni“) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. B- til F-hlutar í I. viðauka samsvara flokkum bragðefna og grunnefna sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Engar færslur eru í B- til F-hluta.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 4) Í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 er mælt fyrir um umbreytingartímabil að því er varðar matvæli sem bragðefnum, sem heyra undir B- til F-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, hefur verið bætt við og falla undir umsókn fyrir 22. október 2015 skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í 4. gr. er mælt fyrir um að lok umbreytingartímabilsins til að setja slík matvæli á markað sé 22. apríl 2018.
- 5) Uppfæra má I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 6) Hinn 16. október 2012 var lögð umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um leyfi fyrir vörunni eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] með heitinu „rommetri“ í flokknum „önnur bragðefni“. Umsækjandinn fór þess á leit að þetta bragðefni yrði notað í ís til neyslu, sælgæti, tyggigúmmí, kornvörur, kornafurðir úr korni, rætur og hnýði, belgjurtir og belgaldin, bakarísvörur, kjöt og kjötafurðir, salt, krydd, súpur, sósur, salöt, óáfenga drykki og áfenga drykki upp að vissu marki

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 235, 19.9.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjttíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjttíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

- 7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var send umsóknin og óskað eftir álitum hennar. Umsóknin var einnig gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 8) Hinn 24. ágúst 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion of Flavouring Group Evaluation 500 (FGE.500): rum ether“, sem varðar mat á öryggi eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] þegar það er notað sem bragðefni í flokknum „önnur bragðefni“⁽¹⁾. Þessi vara er flókin blanda sem samanstendur af meira en áttatíu efnisþáttum. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt heildarstefnu varðandi áhættumat á bragðefnum valdi tilvist erfðaeiturefna, sem efnisþátta í rommetra, öryggisvanda. Hún benti á alvarlegan öryggisvanda í tengslum við nokkra efnisþætti á borð við fúrön og afleiður og aðra efnisþætti sem tengjast erfðaeiturhrifum og krabbameinsvaldandi áhrifum og tilgreindi einnig áhættu vegna krabbameinsvaldandi áhrifa í tengslum við tilvist etanóls.
- 9) Tékkland og Slóvakía hafa upplýst framkvæmdastjórnina um notkun eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský* og óskað eftir að halda þessari notkun áfram að því er varðar þessa tilteknu brenndu drykki.
- 10) Samkvæmt 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 ætti samþykki fyrir bragðefnum einnig að taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. eru samfélagslegir og hefðbundnir þættir. Þar eð notkun á þessu bragðefni er sem stendur nauðsynleg til að viðhalda sérstökum hefðbundnum skynmatseinkennum brenndu drykkjanna *tuzemák* og *tuzemský* í Tékklandi og Slóvakíu er rétt að leyfa þetta efni með þeim notkunarskilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 11) Þessir brenndu drykkir, eins og allir brenndir drykkir og áfengir drykkir almennt, eru ekki ætlaðir börnum eða öðrum viðkvæmum hópum íbúa. Til viðbótar við gildandi kröfur um merkingar ættu aðildarríkin að krefjast þess að lagðar séu fram viðbótarupplýsingar að því er varðar sértæka áhættu í tengslum við tilvist eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í þessum hefðbundnu áfengu drykkjum.
- 12) Þessu brenndu drykkir, sem eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] hefur verið bætt í, ættu ekki að vera notaðir við framleiðslu annarra matvæla.
- 13) Þegar vísað er til bragðefnanna á merkingum brenndu drykkjanna *tuzemák* og *tuzemský* ætti að nota heitið eða FL-númerið.
- 14) Ef eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] er sett á markað sem slíkt og ekki ætlað til sölu til endanlegs neytanda ætti, til viðbótar við kröfurnar í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, að tilgreina á merkingum að þetta bragðefni megi aðeins nota til framleiðslu á brenndu drykkjunum *tuzemák* og *tuzemský*.
- 15) Í því skyni að tryggja réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá og með 23. apríl 2018.
- 16) Þessi reglugerð ætti að gilda í fimm ár í því skyni að gera kleift að þróa staðgöngukosti fyrir eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] til að nota í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský*.
- 17) Því ætti að breyta E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Varan eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] er leyfð í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský* með þeim notkunartakmörkunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

⁽¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(8), 4897.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 23. apríl 2018 til 19. september 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 bætist við eftirfarandi færsla fyrir eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001]:

FL-nr.	Heiti	CAS-nr.	JECFA-nr.	CoE-nr.	Hreinleiki tilgreinds bragðefnis	Takmarkanir á notkun	Neðanmálgrein	Tilvísun
„21.001	Eimur úr viðarediki	—	—	—	<p>Flókin blanda efna sem fæst við eimingu myndefna viðarediksýru og etanóls. Vökvi sem lyktar og bragðast eins og romm.</p> <p>Efnisþættir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Etanól (ákvarðað með gasgreiningu/logajónunarnema): meira en 40% (massahlutfall) — Etýlasetat: minna en 25% (massahlutfall) — Etýlformat: minna en 2% (massahlutfall) — Etýlprópíónat: minna en 4% (massahlutfall) — Etýlbútýrat: minna en 1,5% (massahlutfall) — Metýlasetat: minna en 3,5% (massahlutfall) — Fúranjafngildi (fúran og 2-metýlfúran) gefið upp sem fúran: minna en 8 mg/l — Metanól og metanólaflleiður, gefið upp sem metanóljafngildi: minna en 2% (massahlutfall) — Bensópýren: minna en 1 µg/l — Bens(a)antrasen: minna en 2 µg/l — sýrur (gefnar upp sem ediksýra): minna en 1,00 g/l 	<p>Eingöngu í eftirtöldum brenndum drykkjum: <i>tuzemák</i> og <i>tuzemský</i>, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 110/2008, þegar þeir eru settir á markað í endanlegum umbúðum og ætlaðir eingöngu lokaneytendum, 3 800 mg/l.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þegar vísað er til bragðefnisins eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] á merkingum brenndu drykkjanna <i>tuzemák</i> og <i>tuzemský</i> skal nota heitið eða FL-númerið. 2. <i>Tuzemák</i> og <i>tuzemský</i>, sem eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] hefur verið bætt í, skulu ekki notaðir við framleiðslu annarra matvæla. 3. Ef þetta bragðefni er sett á markað sem slíkt skal, til viðbótar við kröfurnar í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, tilgreina á merkingum að þetta bragðefni megi aðeins nota til framleiðslu á brenndu drykkjunum <i>tuzemák</i> og <i>tuzemský</i>. <p>Aðildarríkin skulu krefjast viðbótarmerkingar þar sem neytendur eru upplýstir um þá sértæku áhættu sem tengist tilvist eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í brenndu drykkjunum <i>tuzemák</i> og <i>tuzemský</i>.</p>		EFSA“